



Reglur Akraneskaupstaðar um skólaakstur í grunnskóla

1. gr.

Gildissvið og orðskýringar

Skólaakstur á Akranesi er skipulagður í samræmi við 22. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og reglur um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009, með síðari breytingum.

Í reglum þessum er með skólaakstri átt við akstur nemenda milli heimilis og grunnskóla innan skólahverfis. Með heimili er átt við skráð lögheimili nemanda. Skólahverfi er skilgreint í 2. gr. reglna um innritun í grunnskóla Akraneskaupstaðar.

2. gr.

Ábyrgð

Akraneskaupstaður ber kostnað og ábyrgð á öryggi, velferð og hagsmunum grunnskólanemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi.

3. gr.

Um skipulag skólaaksturs

Miðað er við að fjarlægð frá heimili að hverfisskóla sé að lágmarki 2 km (radíus), að leiðin falli utan almenningssamgöngukerfis sveitarfélagsins og að ekki sé fyrir hendi örugg gönguleið frá heimili að skóla.

Skólaakstur á Akranesi fer fram með eftirfarandi hætti:

- Með gjaldfrjálsum almenningsvögnum
- Með sérstökum greiðslum til foreldra fyrir eigin akstur, að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 3. gr. reglna Akraneskaupstaðar um skólaakstur í grunnskóla. Greiðslurnar taka mið af reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 1088/2018 með verðbreytingum.

Skólaakstur fellur niður þegar skóli starfar ekki eða þegar nemandi er fjarverandi frá skóla og koma þá engar greiðslur fyrir þann tíma.

4. gr.

Fatlaðir nemendur

Nemendur sem vegna fötlunar, geta ekki nýtt sér hefðbundinn skólaakstur eiga rétt á viðeigandi ferðaþjónustu til og frá skóla í samræmi við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.



5. gr.

Um meðferð ágreiningsmála

Telji foreldrar einhverju á fátt í fyrirkomulagi skólaaksturs eða að á rétti barns sé brotið getur það leitað leiðréttingar hjá sviðsstjóra mennta- og menningarsviðs og mennta- og menningarráði Akraneskaupstaðar.

Áskilinn er réttur verksala til að rifta samningi verði bifreiðastjóri uppvís að brotum á samningum eða reglum þessum.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði 8.4.2026

Samþykkt í bæjarráði 16.4. 2026

Samþykkt í bæjarstjórn 28.4.2026